

Öldungaráð Reykjavíkurborgar  
B.t. Elísabetar Pétursdóttur,  
verkefnastjóra.

Reykjavík, 7. febrúar 2023.

**EFNI: Beiðni um umsögn umsókna Eirar hjúkrunarheimilis til framkvæmdasjóðs aldraðra 2024.**

Eir hjúkrunarheimili ses., kt. 710890-2269 sækir styrki til framkvæmdasjóðs aldraðra árið 2024 í eftirfarandi verkefni. Umsóknum í framkvæmdasjóð aldraðra þarf að fylgja umsögn þjónustuhóps sveitarfélags og er Öldungaráð Reykjavíkurborgar hér með beiðni um umsögn.

Umsóknum til framkvæmdasjóðs aldraðra þarf að skila inn í síðasta lagi 4. mars n.k., fyrir kl. 16:00.

- 1. Endurnýja gólfefni 1 hæð A hús.**  
Heildarfjárhæð skv. fyrirbyggjandi kostnaðaráætlun er kr. 66819391,-  
Sótt er um 40% styrk til framkvæmdasjóðs aldraðra að upphæð kr. 26.727.756,-
- 2. Endurbæta baðherbergi Eir og gera þau sturtuhæf.**  
Heildarfjárhæð skv. fyrirbyggjandi kostnaðaráætlun er kr. 104.137.420,-  
Sótt er um 40% styrk til framkvæmdasjóðs aldraðra að upphæð kr. 41.654.968,-
- 3. Endurnýja gólfefni í B húsi 1., 2. & 3. hæð.**  
Heildarfjárhæð skv. fyrirbyggjandi kostnaðaráætlun er kr. 90.543.957,-  
Sótt er um 40% styrk til framkvæmdasjóðs aldraðra að upphæð kr. 36.217.583,-
- 4. Breyting á eldhúsi/setustofu í B-húsi í hjúkrunarrými.**  
Heildarfjárhæð skv. fyrirbyggjandi kostnaðaráætlun er kr. 39.209.889,-  
Sótt er um 40% styrk til framkvæmdasjóðs aldraðra að upphæð kr. 15.683.956,-
- 5. Breyta íbúðum Eirarholt í hjúkrunarrými.**  
Heildarfjárhæð skv. fyrirbyggjandi kostnaðaráætlun er kr. 28.584.610,-  
Sótt er um 40% styrk til framkvæmdasjóðs aldraðra að upphæð kr. 11.433.844,-
- 6. Endurbæta sameiginlega baðaðstöðu 1. hæð Eirarholt.**  
Heildarfjárhæð skv. fyrirbyggjandi kostnaðaráætlun er kr. 5.902.542,-  
Sótt er um 40% styrk til framkvæmdasjóðs aldraðra að upphæð kr. 2.361.017,-
- 7. Betrumbæta setustofu Eirarholts.**  
Heildarfjárhæð skv. fyrirbyggjandi kostnaðaráætlun er kr. 19.954.844,-  
Sótt er um 40% styrk til framkvæmdasjóðs aldraðra að upphæð kr. 7.981.938,-
- 8. Uppfæra Bítibúrin á 2. 3. & 4. hæð A hús.**  
Heildarfjárhæð skv. fyrirbyggjandi kostnaðaráætlun er kr. 9.078.090,-  
Sótt er um 40% styrk til framkvæmdasjóðs aldraðra að upphæð kr. 3.631.236,-



**9. Endurbætur á lýsingu í húsum Eirar.**

Heildarfjárhæð skv. fyrirbyggjandi kostnaðaráætlun er kr. 131.769.820,-  
Sótt er um 40% styrk til framkvæmdasjóðs aldraðra að upphæð kr. 52.707.928,-

**10. Endurnýja loftræstisamstöðuna í A húsi Eirar.**

Heildarfjárhæð skv. fyrirbyggjandi kostnaðaráætlun er kr. 5.242.055,-  
Sótt er um 40% styrk til framkvæmdasjóðs aldraðra að upphæð kr. 2.096.822,-

**11. Innanhús hönnun og yfirbragð deilda.**

Heildarfjárhæð skv. fyrirbyggjandi kostnaðaráætlun er kr. 63.813.750,-  
Sótt er um 40% styrk til framkvæmdasjóðs aldraðra að upphæð kr. 25.525.500,-

Sendum meðfylgjandi gögn vegna umsóknanna til nánari glöggvunar á tilgreindum þáttum.

Virðingarfyllst,  
F.h. Eirar hjúkrunarheimilis ses.,

Róbert Arnar Reynisson,  
Forstöðumaður eignaumsýslu



# Verkefnaskilgreining

**EIR 1 -2024**

DAGSETNING 7. febrúar 2024

HÖFUNDUR Róbert Arnar Reynisson

YFIRLESID Eybjörg Helga Hauksdóttir

## FYRIRSÖGN

Varðandi umsóknir Eirar hjúkrunarheimili ses. í Framkvæmdasjóð aldraðra

Verkefnið: **Endurnýja gólfefni á 1 hæð í A húsi.**

Á Eir hjúkrunarheimilinu er upprunalegt gólfefni og það er kominn tími til að skipta því út á fyrstu hæð eins og gert hefur verið á 2. 3. og 4. hæðum hússins. Það er farið að sjá töluvert á gólfduknun, komið mikið los undir honum og búið að reyna að bæta hann og sjóða niður bætur. Eins eru samskeyti að rifna. Töluvert að brotnum flísum og los á þeim í anddyri og í sal. Þessar flísar eru ekki til á lager hjá okkur svo hægt sé að skipta þeim út.

Það eru fyrirhugaðar breytingar á innri rýmum fyrstu hæðar þar sem verið er að endurskipuleggja alla hæðina vegna fjölgunar í starfslíði Eirar, verkefni Eir 3 – 2023\_ Bætt aðstaða hjúkrunarlagers, fjárhags - og launadeildar Eir A - húsi 1. Hæð og Eir 4 – 2023\_ Sameina búningsherbergi og útbúa skrifstofur m/ fundarherbergi Eir A - húsi 1. Hæð. Ekki var tekið tillits til gólfefnis í þeim verkefnum enda horft á endurnýjun gólfefna á 1. hæðinni sem sér verkefni.


Viðmið um skipulag hjúkrunarheimila:

*Yfirborðsfrágangur gólfa sem íbúar ganga um, skal vera með efnum sem taka mið af umferð fólks í hjólastólum eða með skerta ferðafærni. Hvorki skulu vera misfellur á yfirborði gólfa né þröskuldar sem hindra umferð íbúa þar. Velja skal efni m.t.t. endingar, viðhalds og þrifa og m.t.t. öryggis íbúa og hljóðvistar. Forðast skal mikinn glans eða mynstur í gólfefnum eða „logo“, því slíkt truflar sjónskerta og þá sem eru með heilabilun.<sup>1</sup>*

Líftímar byggingarhluta:<sup>2</sup>

|             |           |       |
|-------------|-----------|-------|
| 3.1.3.3.(6) | Gólfdukur | 15 ár |
|-------------|-----------|-------|

Myndir af gólfefnum:




<sup>1</sup> Skipulag hjúkrunarheimila, Heilbrigðisráðuneytið: febrúar 2022

<sup>2</sup> LCC\_007\_Líftími\_byggingarhluta



Teikningar af fyrstu hæð:



Kostnaðarskipting á milli Eirar og Framkvæmdasjóði aldraðara

|                   |                       |
|-------------------|-----------------------|
| Kostnaðaráætlun   | 66.819.391 kr. m/vsk. |
| Eigið framlag 60% | 40.091.635 kr.        |
| Framlag FSA 40%   | 26.727.756 kr.        |





# Verkefnaskilgreining

EIR 2 -2024

DAGSETNING XX.XXXX XXXX

HÖFUNDUR Róbert Arnar Reynisson

YFIRLESID Eybjörg Helga Hauksdóttir

## FYRIRSÖGN

Varðandi umsóknir Eirar hjúkrunarheimili ses. Í Framkvæmdasjóð aldraðra

Verkefnið: **Endurbæta baðherbergi Eirar og gera þau sturtuhæf.**

Baðherbergin eru upprunaleg frá 1994 í A húsinu og frá 2001 í B húsinu. Og eins og uppsetningin á böðunum er í dag gengur illa að aðstoða fólk að baða sig inni á þeim, útbúa þarf betri sturtu aðstöðu til að uppfylla viðmið um skipulag hjúkrunarheimila. Hjálparbúnaður inni í rýminu er úr sér genginn, blöndunartækin eru gömul og komin á tíma, sama á við um innréttinguna og rennihurðina inn í rýmið. Veggdúkurinn er farinn að losna og kominn tími til að skipta þeim út.


Viðmið um skipulag hjúkrunarheimila:<sup>1</sup>

### Baðherbergi

Á baðherbergi skal gera ráð fyrir handlaug, salerni og sturtu, hirslum fyrir handklæði, snyrtivörur og hjúkrunarvörur til daglegra nota, spegli, hanka/slá fyrir handklæði við handlaug og handklæðaofn. Baðherbergi skal vera rúmgott þannig að góð vinnuaðstaða verði fyrir tvo starfsmenn til að aðstoða íbúa á salerni eða í sturtu og gerð er krafa um að hægt sé að veita aðstoð á þrjá vegu t.d. með lyftara eða lyftubúnaði.

Salernisskál þarf að vera upphækkanleg eða að mögulegt sé að setja upphækkun á hana, til að hún henti bæði þeim sem eru í hjólastól og öðrum. Armstöðir skulu vera beggja vegna salernis.

Gera skal ráð fyrir rafmagnstengli á sér grein og vatnstengi fyrir heitt og kalt vatn við salerni til að hægt sé að tengja við skolsetu sem komið er fyrir á salernisskálina.



Dæmi um uppsetningu tækja og skápa í baðherbergi.

<sup>1</sup> Skipulag hjúkrunarheimila, Heilbrigðisráðuneytið: febrúar 2022



## Líftímar byggingarhluta:<sup>2</sup>

|             |                       |       |
|-------------|-----------------------|-------|
| 3.1.3.2.(3) | Veggdúkur             | 30 ár |
| 3.1.3.3.(6) | Gólfdukur             | 15 ár |
| 3.4.1.0.(1) | Baðinnréttingar       | 20 ár |
| 3.2.2.0.(0) | Handlaugar og salerni | 25 ár |
|             | Hreinlætistöki        | 15 ár |
| 3.1.3.2.(2) | Rennuhúðir            | 20 ár |

## Myndir:



## Teikningar:

### A húsið



<sup>2</sup> LCC\_007\_Liftimi\_byggingarhluta





# Verkefnaskilgreining

EIR 3 -2024

DAGSETNING XX.XXXX XXXX

HÖFUNDUR Róbert Arnar Reynisson

YFIRLESID Eybjörg Helga Hauksdóttir

## FYRIRSÖGN

Varðandi umsóknir Eirar hjúkrunarheimili ses. Í Framkvæmdasjóð aldraðra

Verkefnið: **Endurnýja gólfefni í B húsi 1., 2. & 3. hæð**

Eir hjúkrunarheimilinu, B hús, frá 2001 er upprunalegt gólfefni og það er kominn tími til að skipta því út á fyrstu hæð eins. Það er farið að sjá töluvert á gólfdukkum, það er komið mikið los undir honum og búið að reyna að bæta hann og sjóða niður bætur. Eins eru samskeytin farin að rifna frá. Það er fyrirhugað að gera breytingar á miðjunni á 1. og 2. hæð, fjölga herbergjum og skipta þarf þar um gólfefni og til að fá heildarmynd á hæðirnar þrjár viljum við nýta tækifærið og skipta um allt gólfefni.

Viðmið um skipulag hjúkrunarheimila:

*Yfirborðsfrágangur gólfa sem íbúar ganga um, skal vera með efnum sem taka mið af umferð fólks í hjólastólum eða með skerta ferðafærni. Hvorki skulu vera misfellur á yfirborði gólfa né þröskuldar sem hindra umferð íbúa þar. Velja skal efni m.t.t. endingar, viðhalds og þrifa og m.t.t. öryggis íbúa og hljóðvistar. Forðast skal mikinn glans eða mynstur í gólfefnum eða „logo“, því slíkt truflar sjónskerta og þá sem eru með heilabilun.<sup>1</sup>*

Líftímar byggingarhluta:

|             |            |       |
|-------------|------------|-------|
| 3.1.3.3.(6) | Gólfdukkur | 15 ár |
|-------------|------------|-------|

Myndir:









Teikningar:

1. hæð (2. hæð er eins)



3. hæð



Kostnaðarskipting á milli Eirar og Framkvæmdasjóði aldraðara

|                   |                      |
|-------------------|----------------------|
| Kostnaðaráætlun   | 90.543.957kr. m/vsk. |
| Eigið framlag 60% | 54.326.374 kr.       |
| Framlag FSA 40%   | 36.217.583 kr.       |

<sup>1</sup> Skipulag hjúkrunarheimila, Heilbrigðisráðuneytið: febrúar 2022





# Verkefnaskilgreining

EIR 4 -2024

DAGSETNING XX.XXXX XXXX

HÖFUNDUR Róbert Arnar Reynisson

YFIRLESID Eybjörg Helga Hauksdóttir

## FYRIRSÖGN

Varðandi umsóknir Eirar hjúkrunarheimili ses. Í Framkvæmdasjóð aldraðra

### Verkefnið: Breyting á eldhúsi/setustofu í B-húsi í hjúkrunarrými

Skoða möguleika með aðra nýtingu á miðjurými með það að markmiði að skoða hvort sé framkvæmanlegt að fjölga rýma um leið og eldhúsi/matsal/setustofu verður breytt.

Miðjurými fyrstu og annarrar hæða B-hússins er nokkuð rifleg að stærð sem vert er að skoða hvernig sé best að nýta, þar sem vaktin er, er lokað rými þar sem starfsfólk dvelur á milli verka í stað þess að vera með íbúum, stjórnendur kjósa helst að vera ekki með lokaða vakt, vilja frekar að starfsfólk sitji í setustofu en lokað inn á vakt.

Annar hluti salsins er í notkun sem setustofa (0122), en hinn hlutinn sem matsalur (0121) í báðum hlutum er eldhús innrétting, en aðeins annað eldhúsið er notað, setustofan er of stór og mætti sameinast og samnýta með matsal

Á deildinni er nauðsynlegt að hafa læsta lyfjageymslu, starfsstöð fyrir hjúkr.fræðing. Athuga með aðstöðu deildarstjóra og/eða önnur lokað rými, Skrifstofa deildarstjóra er óþarflega stór í dag.

Viðmið um skipulag hjúkrunarheimila:<sup>1</sup>

#### 4.1.2 Setustofa, borðstofa og eldhúseining

*Borðstofur, setustofur, eldhúseining ásamt aðstöðu starfsmanna eru sameiginleg dagverurými í hverri heimiliseiningu. Góðir gluggar skulu vera í þessum sameiginlegum rýmum sem unnt er að sjá út um hvort sem fólk stendur eða situr. Það er kostur ef hægt er að opna á milli sameiginlegra rýma tveggja heimiliseininga svo hægt sé að mynda stærra rými til ákveðinna nota, eins og til hátíðarhalda eða félagsstarfa.*

*Hafa skal hljóðvistar- og brunakröfur í huga og sérþarfir íbúa varðandi opin sameiginleg rými. Markmiðið er að hanna heimilislegt, hlýlegt umhverfi fyrir íbúa með góðri hljóðvist svo íbúum og starfsmönnum líði vel.*

*Frá sameiginlegum dagverurýmum heimiliseininga skal vera mögulegt að fara út á ytra dvalarsvæði heimiliseininga, annað hvort verandir eða svalir.*

#### Setustofur

*Í sameiginlegu rými íbúa í hverri heimiliseiningu skal vera rúmgóð setustofa, ein eða fleiri eftir atvikum. Í setustofu skal vera aðstaða fyrir alla íbúa einingarinnar í sæti samtímis. Þar getur m.a. farið fram örvun, dagleg samvera, einstaklings- og hóþjálfun. Gera skal ráð fyrir hentugum hægindastólum, miðað við fjölda íbúa á einingu, sófaborði og veggrými til að hengja upp stórt sjónvarp. Huga þarf að lögnum fyrir sjónvarp (rafmagn og net) og tenglum fyrir hægindastólana eða hleðslustöðvar þeirra séu þeir rafdrifnir. Tryggja þarf að ekki myndist slyshætta af tenglum í gólfi og huga því vel að staðsetningu og frágangi þeirra. Einnig þarf að leggja tvöfalda tengla við glugga til að setja upp jólalýsingu í öllum sameiginlegum rýmum. Gera skal ráð fyrir að hluti af setustofu sé kyrrðarrými og geti einnig nýst sem upplestrarrými.*

#### Borðstofur

*Í sameiginlegu dagverurými íbúa í hverri heimiliseiningu skal vera rúmgóð borðstofa, ein eða fleiri eftir atvikum. Í borðstofu skal vera rými fyrir alla íbúa einingarinnar ásamt starfsfólki. Allir skulu geta setið við borð og matast samtímis, jafnvel þó allir íbúar séu í hjólastól. Borðstofan skal vera í góðri tengingu við setustofuna. Einstaklingar með heilabilun þola oft illa stór rými og skarkala. Því er mikilvægt að taka tillit til mismunandi þarfa íbúa fyrir næði eða eril á matmálistímum.*

<sup>1</sup> Skipulag hjúkrunarheimila, Heilbrigðisráðuneytið: febrúar 2022




Setustofa og borðstofa geta verið eitt alrými eða með léttum vegg að hluta til aðskilnaðar til að betra næði verði í setustofu. Ef settur er upp veggur á milli rýmanna, þá þarf að hafa op í honum eða glugga til að starfsfólk hafi góða yfirsýn á milli borðstofu og setustofu.

Myndir:




Teikningar:

## Endurnýja/sameina eldhús 1-2 hæð B-hús




Aðeins annað eldhúsið er í notkun.  
Það borða allir í matsal 0121





Eir B hús Grunnmynd 1. hæð fyrir breytingu 1:200



Eir B hús Grunnmynd 1. hæð Tillaga breytingar í miðkjarna 1:200



Eir B hús Grunnmynd 2. hæð Tillaga breytingar í miðkjarna 1:200



Kostnaðarskipting á milli Eirar og Framkvæmdasjóði aldraðara

|                   |                       |
|-------------------|-----------------------|
| Kostnaðaráætlun   | 39.209.889 kr. m/vsk. |
| Eigið framlag 60% | 23.525.933 kr.        |
| Framlag FSA 40%   | 15.683.956 kr.        |





# Verkefnaskilgreining

EIR 5 -2024

DAGSETNING XX.XXXX XXXX

HÖFUNDUR Róbert Arnar Reynisson

YFIRLESID Eybjörg Helga Hauksdóttir

## FYRIRSÖGN

Varðandi umsóknir Eirar hjúkrunarheimili ses. Í Framkvæmdasjóð aldraðra

Verkefnið: **Breyta íbúðum Eirarholt í hjúkrunarrými**

Á 1. hæð Eirarhúsa er rekin hjúkrunardeild með 9 einkarýmum sem deila þremur baðherbergjum, auk þess sem fleiri rýmum hefur verið bætt við með því að nýta 3 íbúðir á sömu hæð. Hugmyndin með verkefninu er að skapa fleiri einkarými með því að breyta 3 íbúðum (íbúðir nr. 103, 104 og 105) til viðbótar í 9 einkarými sem deila baðherbergi í hverri íbúð. Baðherbergi helst óbreytt, en settir verði nýir milliveggir sem deila íbúðum í einkarými með sér inngangshurð.

Skipt um gólfefni á herbergjum, málað og sjúkrakallkerfi tengt, gluggi aðlagður að nýju skipulagi herbergi og sett í hann opnanlegt fag.

Viðmið um skipulag hjúkrunarheimila:<sup>1</sup>

### 4.1.1 Einkarými

Öll hönnun einkarýmis skal vera þannig að auðvelt sé að athafna sig með hvers konar hjálpartæki, svo sem hjólastóla og lyftara. Hönnunin skal í einu og öllu taka mið af þörfum íbúa. Einkarými hvers íbúa skal vera eitt herbergi og innangengt úr því inn á einkabaðherbergi. Þar skal þess gætt að íbúi geti farið hindrunarlaust um á eigin vegum eða með aðstoð starfsmanns. Gera skal ráð fyrir lyftubraut úr herbergi inn á baðherbergi.

#### Herbergi

Herbergi skal rúma set- og svefnaðstöðu. Herbergið skal hafa glugga, sem nýtist frá báðum svæðum, hvort sem um einn eða fleiri glugga er að ræða. Íbúi skal geta horft út um glugga í set- og svefnaðstöðu, hvort sem hann er sitjandi, standandi eða liggjandi.

Setsvæði þarf að rúma húsgögn, svo sem hægindastól, einn til tvo stóla, sófaborð og sjónvarp. Gera þarf ráð fyrir tvöföldum tenglum við glugga fyrir jólalýsingu, fyrir rafmagnshægindastóla íbúa, fyrir sjónvarp, tölvu og önnur tæki. Sjúkrarúm þarf að vera hægt að staðsetja þannig að starfsmenn geti komist að því beggja vegna með nauðsynleg hjálpartæki. Lyftari vegna aðhlyningar þarf að geta komist undir rúm íbúa í lægstu stöðu.

Æskilegt er að hönnun rýmisins gefi einnig möguleika á að staðsetja rúmið með aðra langhliðina upp að vegg. Sjúkrarúm og náttborð eru hluti af búnaði heimilisins. Við rúmstæði skulu vera a.mk. þrjár rafmagnstenglar.

Myndir:





<sup>1</sup> Skipulag hjúkrunarheimila, Heilbrigðisráðuneytið: febrúar 2022





## Teikningar:



## Kostnaðarskipting á milli Eirar og Framkvæmdasjóði aldraðara

|                   |                       |
|-------------------|-----------------------|
| Kostnaðaráætlun   | 28.584.610 kr. m/vsk. |
| Eigið framlag 60% | 17.150.766 kr.        |
| Framlag FSA 40%   | 11.433.844 kr.        |



# Verkefnaskilgreining

EIR 6 -2024

DAGSETNING XX.XXXX XXXX

HÖFUNDUR Róbert Arnar Reynisson

YFIRLESID Eybjörg Helga Hauksdóttir

## FYRIRSÖGN

Varðandi umsóknir Eirar hjúkrunarheimili ses. Í Framkvæmdasjóð aldraðra

Verkefnið: **Endurbæta sameiginlega baðaðstöðu 1. hæð Eirarholt**


Sameiginlega baðherbergið á 1. Hæð á Eirarhúsi allra á hæðinni er of lítið fyrir það sem verið er að nota það í (9,2 m<sup>2</sup>), þrifa/þvo heimilisfólkið, greiða því, snyrta og klæða. Eins eru þarna inni körfurnar fyrir óhreint lín og fatnað og bækjuvélin. Innréttingin er úr sér gengin og illa farin komið los undir gólfdukk. Hugmyndin er að taka niður skrifstofuna fyrir aftan rýmið og stækka baðið alveg inn að útvegg, loka á milli salernis og bað og endurskipuleggja rýmið.

Viðmið um skipulag hjúkrunarheimila:<sup>1</sup>

### Baðherbergi

Á baðherbergi skal gera ráð fyrir handlaug, salerni og sturtu, hirslum fyrir handklæði, snyrtivörur og hjúkrunarvörur til daglegra nota, spegli, hanka/slá fyrir handklæði við handlaug og handklæðaofn. Baðherbergi skal vera rúmgott þannig að góð vinnuaðstaða verði fyrir tvo starfsmenn til að aðstoða íbúa á salerni eða í sturtu og gerð er krafa um að hægt sé að veita aðstoð á þrjá vegu t.d. með lyftara eða lyftubúnaði.

Salernisskál þarf að vera upphækkanleg eða að mögulegt sé að setja upphækkun á hana, til að hún henti bæði þeim sem eru í hjólastól og öðrum. Armstöðir skulu vera beggja vegna salernis.



Dæmi um uppsetningu tækja og skápa í baðherbergi.

Líftímar byggingarhluta:<sup>2</sup>


|             |                 |       |
|-------------|-----------------|-------|
| 3.1.3.2.(3) | Veggúkur        | 30 ár |
| 3.1.3.3.(6) | Gólfúkur        | 15 ár |
| 3.4.1.0.(1) | Baðinnréttingar | 20 ár |
|             | Hreinlætistæki  | 15 ár |

<sup>1</sup> Skipulag hjúkrunarheimila, Heilbrigðisráðuneytið: febrúar 2022

<sup>2</sup> LCC\_007\_Líftími\_byggingarhluta



Myndir:



Teikningar:



Kostnaðarskipting á milli Eirar og Framkvæmdasjóði aldraðara

|                   |                      |
|-------------------|----------------------|
| Kostnaðaráætlun   | 5.902.542 kr. m/vsk. |
| Eigið framlag 60% | 3.541.525 kr.        |
| Framlag FSA 40%   | 2.361.017 kr.        |



# Verkefnaskilgreining

EIR 7 -2024

DAGSETNING XX.XXXX XXXX

HÖFUNDUR Róbert Arnar Reynisson

YFIRLESID Eybjörg Helga Hauksdóttir

## FYRIRSÖGN

Varðandi umsóknir Eirar hjúkrunarheimili ses. Í Framkvæmdasjóð aldraðra.

Verkefnið: **Betrumbæta setustofu Eirarholts**

Þetta er aðal setustofa hjúkrunarheimilisins og er hún búin að vera í óbreyttri mynd síðan að það var annað fyrirkomulag á þessari hæð, hugmyndin er að fjarlægja eldhúsinnréttinguna og stækka setusvæðið frá á gang, taka niður veggstubbinn sem er í anddyrinu og skipta um gólfefni. Gólfefnið er mjög óhentugt, flísar inni á eldhúsi/matsal og erfitt að aðstoða fólk að matarborðum, farið að sjá á gólfdukkum, og kominn tími til að skipta honum út.

Viðmið um skipulag hjúkrunarheimila:<sup>1</sup>

### 4.1.2 Setustofa, borðstofa og eldhúseining

*Borðstofur, setustofur, eldhúseining ásamt aðstöðu starfsmanna eru sameiginleg dagverurými í hverri heimiliseiningu. Góðir gluggar skulu vera í þessum sameiginlegum rýmum sem unnt er að sjá út um hvort sem fólk stendur eða situr. Það er kostur ef hægt er að opna á milli sameiginlegra rýma tveggja heimiliseininga svo hægt sé að mynda stærrí rými til ákveðinna nota, eins og til hátíðarhalda eða félagsstarfa. Hafa skal hljóðvistar- og brunakröfur í huga og sérþarfir íbúa varðandi opin sameiginleg rými. Markmiðið er að hanna heimilislegt, hlýlegt umhverfi fyrir íbúa með góðri hljóðvist svo íbúum og starfsmönnum líði vel. Frá sameiginlegum dagverurýmum heimiliseininga skal vera mögulegt að fara út á ytra dvalarsvæði heimiliseininga, annað hvort verandir eða svalir.*

Líftímar byggingarhluta:<sup>2</sup>


|             |            |       |
|-------------|------------|-------|
| 3.1.3.3.(6) | Gólfdukkur | 15 ár |
|-------------|------------|-------|

Myndir:

<sup>1</sup> Skipulag hjúkrunarheimila, Heilbrigðisráðuneytið: febrúar 2022

<sup>2</sup> LCC\_007\_Líftími\_byggingarhluta






Teikningar:







#### Kostnaðarskipting á milli Eirar og Framkvæmdasjóði aldraðara

|                   |                       |
|-------------------|-----------------------|
| Kostnaðaráætlun   | 19.954.844 kr. m/vsk. |
| Eigið framlag 60% | 11.972.906 kr.        |
| Framlag FSA 40%   | 7.981.938 kr.         |



# Verkefnaskilgreining

EIR 8 -2024

DAGSETNING XX.XXXX XXXX

HÖFUNDUR Róbert Arnar Reynisson

YFIRLESID Eybjörg Helga Hauksdóttir

## FYRIRSÖGN

Varðandi umsóknir Eirar hjúkrunarheimili ses. Í Framkvæmdasjóð aldraðra


Verkefnið: **Uppfæra Býtibúrin á 2. 3. & 4. hæð A hús**

Býtibúrin eru upprunaleg og komin á tíma, innréttingarnar eru ónýtar og úr sér gengin, gólfdukurinn er farinn að losna allur og komið mikið af skemmdum og sprungum í hann, eins þarf að betrubæta geymslustað fyrir leirtauð fyrir framan Býtibúrin.

Viðmið um skipulag hjúkrunarheimila:<sup>1</sup>

### Eldhúseining

Í eldhúseiningu skal vera unnt að taka við fullbúnum mat frá miðlægu eldhúsi og sinna einfaldri matargerð fyrir íbúa og starfsmenn hversrar heimiliseiningar. Starfsmaður í eldhúsi þarf að geta haft yfirsýn yfir borðstofu og setustofu. Stakstæð, snertilaus handlaug til handþvotta skal vera í nálægð við eldhúseiningu. Hér eru leiðbeinandi dæmi um uppsetningu eldhúseiningar, en ekki tæmandi listi, möguleiki er á öðrum uppsetningum.



Dæmi b) eldhús með sameiginlegu rými fyrir uppvottaðstöðu og móttöku matarvagna.

Líftímar byggingarluta:<sup>2</sup>

|              |                       |       |
|--------------|-----------------------|-------|
| 3.1.3.3.(6)  | Gólfdukur             | 15 ár |
| 3.4.1.0..(2) | Eldhúsinnréttingar    | 30 ár |
|              | Veggflísar, á eldhúsi | 15 ár |

<sup>1</sup> Skipulag hjúkrunarheimila, Heilbrigðisráðuneytið: febrúar 2022


<sup>2</sup> LCC\_007\_Líftími\_byggingarluta



Myndir:



Teikningar:



Kostnaðarskipting á milli Eirar og Framkvæmdasjóði aldraðara

|                   |                      |
|-------------------|----------------------|
| Kostnaðaráætlun   | 9.078.090 kr. m/vsk. |
| Eigið framlag 60% | 5.446.854 kr.        |
| Framlag FSA 40%   | 3.631.236 kr.        |





# Verkefnaskilgreining

EIR 9 -2024

DAGSETNING XX.XXXX XXXX

HÖFUNDUR Róbert Arnar Reynisson

YFIRLESID Eybjörg Helga Hauksdóttir

## FYRIRSÖGN

Varðandi umsóknir Eirar hjúkrunarheimili ses. í Framkvæmdasjóð aldraðra

Verkefnið: **Endurbætur á lýsingu í húsum Eirar**

Allir lampar og ljós eru komin á tíma vegna aldurs, í dag eru öll ljós flúrlampar sem er hætt framleiðslu á og lagerinn á flúrperum í landinu er nánast búinn og verður ekki hægt að fá þær, skipta þarf yfir í LED lýsingu. Þessi vinna er bæði tímafrek og kostnaðarsöm og þarf að vinnast í áföngum. Velja skal hlýlega lýsingu sem hentar vel inn á hjúkrunarheimili, t.d. dimmanleg ljós inni í herbergjum heimilismanna. Þessar aðgerðir þarf að fara í, í öllum eignum Eirar.

Viðmið um skipulag hjúkrunarheimila:<sup>1</sup>

*Við hönnun skal leggja áherslu á hlýlegt og heimilislegt yfirbragð hjúkrunarheimilis í efnis- og litavali, lýsingu, hjóðvist, innréttingum og búnaði. Við val á efnum skal velja umhverfisvæn efni, sem styðja við vistvæna umhverfisstefnu í opinberum mannvirkjum m.v. ákveðna alþjóðlega umhverfisstöðun. Forðast skal allan íburð.*

Líftímar byggingarluta:<sup>2</sup>

|             |                      |       |
|-------------|----------------------|-------|
| 4.5.0.0.(0) | Lampar og ljósastæði | 30 ár |
|-------------|----------------------|-------|

Myndir:



Teikningar: Þetta á við allar hæðir

<sup>1</sup> Skipulag hjúkrunarheimila, Heilbrigðisráðuneytið: febrúar 2022

<sup>2</sup> LCC\_007\_Líftími\_byggingarluta





Kostnaðarskipting á milli Eirar og Framkvæmdasjóði aldraðara

|                   |                        |
|-------------------|------------------------|
| Kostnaðaráætlun   | 131.769.820 kr. m/vsk. |
| Eigið framlag 60% | 79.061.892 kr.         |
| Framlag FSA 40%   | 52.707.928 kr.         |



# Verkefnaskilgreining

EIR 10 -2024

DAGSETNING XX.XXXX XXXX

HÖFUNDUR Róbert Arnar Reynisson

YFIRLESID Eybjörg Helga Hauksdóttir

## FYRIRSÖGN

Varðandi umsóknir Eirar hjúkrunarheimili ses. Í Framkvæmdasjóð aldraðra

Verkefnið: **Endurnýja loftræstisamstöðuna í A húsi Eirar.**

Fyrir kerfi 1-2-3-4 þarf að lagfæra inntak loftræstikerfanna. Það er mikið rið í botnum og ljóst að kerfin ná að draga inn bleytu og snjó. En þetta er mál sem þarf að fá blikksmið að.


Stjórnbúnaður, stjórnstöðvar kerfanna er komin til ára sinna . Það er búið að endurnýja hluta að honum, ef til bilunar kemur þarf að skipta um allt settið, þar að leiðandi borgar sig að skipta út öllu í einu.

Í kerfi 1-2-3-4, þarf að skipta um legur í 5 móturum


Líftímar byggingarluta:<sup>1</sup>

|             |                    |       |
|-------------|--------------------|-------|
| 3.3.7.0.(0) | Loftræstisamstæður | 25 ár |
|-------------|--------------------|-------|

Myndir:



Teikningar:



<sup>1</sup> LCC\_007\_Liftimi\_byggingarluta



Kostnaðarskipting á milli Eirar og Framkvæmdasjóði aldraðara

|                   |                      |
|-------------------|----------------------|
| Kostnaðaráætlun   | 5.242.055 kr. m/vsk. |
| Eigið framlag 60% | 3.145.233 kr.        |
| Framlag FSA 40%   | 2.096.822 kr.        |



# Verkefnaskilgreining

EIR 11 -2024

DAGSETNING XX.XXXX XXXX

HÖFUNDUR Róbert Arnar Reynisson

YFIRLESID Eybjörg Helga Hauksdóttir

## FYRIRSÖGN

Varðandi umsóknir Eirar hjúkrunarheimili ses. Í Framkvæmdasjóð aldraðra

Verkefnið: **Innanhúss hönnun og yfirbragð deilda**

Hönnuður þarf útbúa útlitsskema fyrir yfirbragð deildanna og verður beðin um að koma með 4 tillögur af húsgögnum og litavali á vegg og gardínur, inni í herbergjum heimilismanna, fram á gangi og setustofum eins inni á skrifstofum.

Mörg húsgögnin og gardínunnar eru upprunaleg frá 1994, önnur húsgögn eru frá brottfluttum íbúum og hafa verið skilin eftir og er verið að nýta. Húsgögnin, stólar o.fl. er úr sér gengið og búið að viðhalda búnaðinum eins vel og hægt er en lengra verður ekki komist með þetta og þarf því að skipta öllu út af öryggisástæðum.

Þetta verður nýtt til að endur mubla deildirnar þannig að það verði einhver heilda mynd á deildum Eirar.

Viðmið um skipulag hjúkrunarheimila:<sup>1</sup>

*Við hönnun skal leggja áherslu á hlýlegt og heimilislegt yfirbragð hjúkrunarheimilis í efnis- og litavali, lýsingu, hjóðvist, innréttingum og búnaði. Við val á efnum skal velja umhverfisvæn efni, sem styðja við vistvæna umhverfisstefnu í opinberum mannvirkjum m.v. ákveðna alþjóðlega umhverfisstöðun. Forðast skal allan íburð.*

Líftímar byggingarhluta:<sup>2</sup>

|         |       |
|---------|-------|
| Húsgögn | 20 ár |
|---------|-------|

Myndir:



<sup>1</sup> Skipulag hjúkrunarheimila, Heilbrigðisráðuneytið: febrúar 2022

<sup>2</sup> LCC\_007\_Líftími\_byggingarhluta





Kostnaðarskipting á milli Eirar og Framkvæmdasjóði aldraðara

|                   |                       |
|-------------------|-----------------------|
| Kostnaðaráætlun   | 63.813.750 kr. m/vsk. |
| Eigið framlag 60% | 38.288.250 kr.        |
| Framlag FSA 40%   | 25.525.500 kr.        |

Febrúar 2022



# Skipulag hjúkrunarheimila

Lágmarksviðmið um byggingu og  
starfsemi hjúkrunarheimila 3. útgáfa



Stjórnarráð Íslands  
Heilbrigðisráðuneytið

**Útgefandi:**

Heilbrigðisráðuneytið

Febrúar 2022

hrn@hrn.is

[stjornarradid.is/raduneyti/heilbrigdisraduneytid/](http://stjornarradid.is/raduneyti/heilbrigdisraduneytid/)

**Umbrot og textavinnsla:**

Heilbrigðisráðuneytið

©2021 Heilbrigðisráðuneytið

ISBN 978-9935-515-14-8

# Efnisyfirlit

|  |          |
|--|----------|
| <b>1. Inngangur</b> .....                            | <b>6</b> |
| <b>2. Hugmyndafræði</b> .....                        | <b>7</b> |
| <b>3. Staðbundnar aðstæður</b> .....                 | <b>8</b> |
| <b>4. Kröfur til húsnæðis hjúkrunarheimila</b> ..... | <b>9</b> |
| 4.1 Heimiliseining .....                             | 10       |
| 4.1.1 Einkarými .....                                | 10       |
| 4.1.2 Setustofa, borðstofa og eldhúseining .....     | 13       |
| 4.1.3 Hjúkrunarvörur og línlager .....               | 16       |
| 4.1.4 Aðstaða starfsmanna .....                      | 17       |
| 4.1.5 Snyrtingar starfsmanna .....                   | 17       |
| 4.1.6 Þvottur, ræsting og skol .....                 | 17       |
| 4.2 Stoðrými heimiliseininga .....                   | 17       |
| 4.2.1 Lyfjageymsla .....                             | 18       |
| 4.2.2 Hjúkrunarvaktrými .....                        | 18       |
| 4.2.3 Geymslur .....                                 | 18       |
| 4.2.4 Snyrtingar gesta / hreyfihamlaðra .....        | 18       |
| 4.2.5 Farandskrifstofa .....                         | 18       |
| 4.2.6 Viðtalsherbergi/afdrepp .....                  | 19       |
| 4.3 Miðlæg rými .....                                | 19       |
| 4.3.1 Aðalinngangur .....                            | 19       |
| 4.3.2 Starfsmannainngangur / sjúkraflutningar .....  | 19       |
| 4.3.3 Vörumóttöku inngangur .....                    | 19       |
| 4.3.4 Móttaka/skrifstofa .....                       | 19       |
| 4.3.5 Fundarrými .....                               | 19       |
| 4.3.6 Forstöðumaður .....                            | 19       |



|        |  |    |
|--------|--|----|
| 4.3.7  | Fjölnotarými / þjálfunaraðstaða .....            | 20 |
| 4.3.8  | Búningsaðstaða og munaskápar .....               | 20 |
| 4.3.9  | Hleðslurými fyrir matarvagna.....                | 20 |
| 4.3.10 | Miðlæg ræstimiðstöð .....                        | 20 |
| 4.3.11 | Sorpflokkun .....                                | 20 |
| 4.3.12 | Miðlæg geymsla .....                             | 21 |
| 4.3.13 | Geymsla húsvörslu .....                          | 21 |
| 4.3.14 | Hjólageymsla og rafskutlurými.....               | 21 |
| 4.3.15 | Tæknirými.....                                   | 21 |
| 4.4    | Tengingar.....                                   | 21 |
| 4.5    | Útisvæði.....                                    | 21 |
| 4.5.1  | Geymsla fyrir garðhúsgögn og áhöld .....         | 22 |
| 4.5.2  | Sorpskýli utanhúss.....                          | 22 |
| 4.5.3  | Verandir og svalir .....                         | 22 |
| 4.5.4  | Útigarður .....                                  | 22 |
| 4.5.5  | Aðkoma viðbragðsaðila, sorpbíla og birgja.....   | 22 |
| 4.5.6  | Bílastæði gesta og starfsmanna .....             | 23 |
| 4.5.7  | Yfirbyggð hjólastæði gesta við aðalinngang ..... | 23 |
|        | Fylgiskjal 1.....                                | 24 |

## Myndaskrá

|         |  |    |
|---------|--|----|
| Mynd 1: | <i>Dæmi um skipulag flæði</i> .....                              | 9  |
| Mynd 2: | <i>Dæmi um uppröðun í herbergi og baðherbergi</i> .....          | 11 |
| Mynd 3: | <i>Dæmi , fataskápur - innrétting</i> .....                      | 11 |
| Mynd 4: | <i>Dæmi um uppsetningu tækja og skápa í baðherbergi</i> .....    | 13 |
| Mynd 5: | <i>Dæmi a) eldhúseinging inn á hverri heimiliseingingu</i> ..... | 15 |

|   |    |
|---|----|
| Mynd 6: <i>Dæmi b) eldhús með sameiginlegu rými fyrir uppvottaaðstöðu og móttöku matarvagna</i> ..... | 16 |
| Mynd 7: <i>Dæmi c) sameiginlegt eldhús tveggja heimiliseininga</i> .....                              | 16 |
| Mynd 8: <i>Dæmi um uppröðun tækja í þvotta-, ræsti- og skolrými</i> .....                             | 17 |
| Mynd 9: <i>Dæmi um lyfjageymsu</i> .....  | 18 |
| Mynd 10: <i>Dæmi um skiptiklefa</i> .....   | 20 |

# 1. Inngangur

Þjónusta hjúkrunarheimila byggist á ákvæðum laga um málefni aldraðra, nr. 125/1999, með síðari breytingum, og laga um heilbrigðisþjónustu, nr. 40/2007.

Lágmarksviðmið um byggingu og starfsemi hjúkrunarheimila og hjúkrunarrýma var gefið út af velferðarráðuneytinu árið 2008 og 2. útgáfa árið 2014.

Helstu breytingar frá 2. útgáfu eru þær að lýst er nánar kröfum heilbrigðisráðuneytisins sem eiga að gilda sem lágmarkskröfur um byggingu og starfsemi hjúkrunarheimila.

3. útgáfa inniheldur einnig leiðbeinandi dæmi um skipulag á hinum ýmsu rýmum hjúkrunarheimila sem þykja hagkvæm að mati rekstraraðila bæði fyrir íbúa og starfsfólk. Horft skal til nýsköpunar og nýjar lausnir skoðaðar í hverju tilviki fyrir sig.

Ekki er um að ræða fjölgun fermetra á hvert hjúkrunarrými en lágmarksviðmið gera ráð fyrir 65 m<sup>2</sup> brúttó í lokunarflokki A á hvert hjúkrunarrými, þar af 28 m<sup>2</sup> nettó fyrir einkarými íbúa.

Í fylgiskjali 1 er dæmi um húsrýmistöflu fyrir 60 rýma hjúkrunarheimili.

Viðmið/gátlistar varðandi tæknikröfur og búnaðarkaup hjúkrunarheimila er að finna á heimasíðu FSRE <https://www.fsre.is/um-okkur/starfsreglur-og-vidmid/vidmid>.

Þegar ríki og sveitarfélög ákveða að byggja nýtt hjúkrunarheimili eða viðbyggingu við eldra heimili verður Sjúkratryggingum Íslands falið að bjóða út reksturinn eða semja við rekstraraðila á fyrstu stigum áætlunargerðar þegar vinnsla útboðsgagna eða samkeppnislýsingar er að hefjast, þannig að þeir geti komið að rýni rýmis- og kröfulýsingar.

Viðmiðin eru þannig hugsuð sem grundvöllur til að hefja samtal á milli heilbrigðisráðuneytisins, sveitarfélags, Framkvæmdasýslu – Ríkiseigna (FSRE) og rekstraraðila.

Þau dæmi sem tekin eru í viðmiðum þessum ásamt rýmistöflum eru leiðbeinandi, skoða þarf hvert hjúkrunarheimili fyrir sig, þörf þess, staðsetningu, mögulega samnýtingu á rýmum auk hugmyndafræði rekstraraðila.

Þegar breyta á eldri hjúkrunarrýmum til að bæta aðstöðu íbúa skal leitast við að uppfylla viðmiðin eins og kostur er.

Sértæk rými sem sveitarfélög óska eftir að byggja samhliða nýju hjúkrunarheimili eru fyrir utan þessi viðmið.

Uppfærsla á viðmiðunum er unnin í samráði við fjármála- og efnahagsráðuneytið, Framkvæmdasýslu – Ríkiseignir, embætti landlæknis, Samband íslenskra sveitarfélaga og rekstraraðila fjölda hjúkrunarheimila.

## 2. Hugmyndafræði

Hjúkrunarheimili eru eins og nafnið bendir til heimili fólks sem heilsu sinnar vegna er ekki lengur fært um að búa á eigin vegum með viðeigandi stuðningi og þarf á umönnun og hjúkrun að halda. Skipulag hjúkrunarheimilis, þ.e. húsnæði, staðsetning þess, umhverfi og skipulag á daglegum rekstri, þarf að taka mið af þessu. Því þarf að leggja áherslu á að skapa aðstæður sem líkjast eins og kostur er húsnæði, skipulagi og aðstæðum á einkaheimilum fólks en mæta engu að síður þörfum þeirra sem hafa skerta getu til athafna daglegs lífs. Umhverfi, aðstæður og skipulag á hjúkrunarheimili skal byggt á þeirri meginreglu að íbúum sé eins og kostur er gert kleift, á eigin vegum, að taka þátt í sem flestum athöfnum daglegs lífs og að eiga hlut að ákvörðunum sem varða þá sjálfa og þeirra nánasta umhverfi. Lögð skal áhersla á að skapa aðstæður sem stuðla að því að öllum líði sem best á heimilinu, jafnt íbúum, starfsmönnum svo og aðstandendum og gestum sem vilja dvelja með íbúum, jafnvel daglangt.

